

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, eigi það við.

2. gr.

Sorphreinsunargjald greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 12.550 á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpeyðingargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 12.550 á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpgjald fyrirtækja greiðist árlega. Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum.

Hvert fyrirtæki greiðir lágmarkssorpgjald 25.100 kr. á ári, sem er annars vegar 12.550 kr. í sorphreinsunargjald og hins vegar 12.550 kr. í sorpeyðingargjald. Gjaldið tekur mið af 240 l tunnu.

Á hvert frístundahús (sumarbústað), greiðist þjónustugjald sem nemur 30% af fullu gjaldi (kr. 25.100), enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hverja aukatunnu skal greiða 17.700 kr./ár.

Fyrir sorp umfram þetta greiðist samkvæmt gjaldskrá Vopnafjarðarhrepps.

3. gr.

Gjöld vegna móttöku úrgangs á safnstöð og sorphaugum Vopnafjarðarhrepps skal vera með eftirfarandi hætti:

Óflokkað	<i>Kr./kg m.vsk</i>
<i>Blandaður úrgangur:</i>	18
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggum	
<i>Grófur úrgangur:</i>	20
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler	
Flokkað	
<i>Timbur:</i>	
Hvítmålað, plasthúðað og blandað	17
Flokkað timbur og greinar (ekki hvítmålað og án aðskotahluta)	11
Hey trjáafklippur, gras, hálmur og arfi	0
Dagblöð/tímarit til endurvinnslu	0
Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju	0
<i>Málmar:</i>	0
<i>Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:</i>	
Umbúðir úr sléttum pappa	0
Plastumbúðir	0
Heyrúlluplast	0
Bylgjupappi	0
Hjólbarðar	0
Raftæki	0
Spilliefni	0

<i>Annað:</i>	
Smádýrahæ, sláturúrgangur og fiskúrgangur	12
Fljótandi úrgangur (seyra)	12
Húsdýraúrgangur	0
Ómengaður úrgangur til urðunar, t.d. jarðvegur, steinefni, sem ekki nýtist til jarðgerðar, sem fyllingarefni eða til landmótunar á urðunarstað	12

Íbúar geta skilað allt að ½ rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst. Gjaldskyldir farmar frá atvinnurekstri undir ¼ m³ bera lágmarksgjald kr. 2.500. Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá verktaka.

4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu skv. 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum. Gjald dagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

5 gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöldin eru og tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðar þann 20. október 2016, með stoð í 7. gr. samþykktar um sorphreinsun í Vopnafjarðarhreppi, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi nr. 1083/2013.

Vopnafirði, 20. október 2016.

Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri.